

Ed.

162. Frumvarp

til laga um útflutningsgjald af sild.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Af hverri tunnu saltaðrar sildar (108—120 lítra) skal greiða 3 króna útflutningsgjald. Gjaldið greiðist og af sild þeirri, er söltuð er og verkuð í íslenskri landhelgi.

2. gr.

Lögreglustjórar innheimti gjaldið og fá 1% í innheimtulaun.

Um innheimtu og greiðslu gjalds þessa fer eftir fyrirmælum laga nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

3. gr.

Af gjaldi því, sem ákveðið er í 1. grein, skal greiða 5% í Fiskiveiðasjóð Íslands, og skal því fje varið til eflingar sjávarútvegi innlendra manna.

4. gr.

Lög nr. 11, 31. júlí 1907, eru hjer með numin úr gildi, svo og 11. tölu-
liður í 3. gr. laga nr. 16, 16. sept. 1915.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda meðan styrjöldin stendur og afleiðingar hennar gera það nauðsynlegt, að áliti landsstjórnarinnar.